

Fundargerð skólaráðs Stekkjaskóla

10. fundur skólaráðs Stekkjaskóla, mánudaginn 20. janúar 2025 kl. 8:20. Haldinn í fundarherbergi 1.

Mætt: Hilmar Björgvinsson skólastjóri, María Ósk Ólafsdóttir og Helga Pórey Rúnarsdóttir (í forföllum Kristínar Bergmann) fulltrúar kennara, Guðbjörg Líf Óskarsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Arnar Páll Gíslason fulltrúi foreldra, Elín Aðalheiður Snorradóttir og Patrekur Brimar Jóhannsson fulltrúar nemenda og Katrín Þ. Andrésdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Smári Hallgrímsson og Kristín Bergmann boðuðu forföll.

Fundargerð: María Ósk Ólafsdóttir

1. Fjárhagsáætlun 2025

Hilmar kynnti lauslega fjárhagsáætlun Stekkjaskóla vegna ársins 2025 og launaáætlun.

Fjárhagsáætlun Stekkjaskóla fyrir árið 2025 hljóðar samtals upp á 1.133 m.kr.

Laun og launatengd gjöld 717 m.kr. og annar rekstrarkostnaður er 416 m.kr.

Áætluð fjárfesting / stofnkostnaður vegna ársins 2025 er 54 m.kr.

Góðar umræður um stofnkostað og rekstrarkostnað, einnig var aðeins rýnt í hinar ýmsu kostnaðartölur.

Hilmar fór aðeins yfir hvernig fjölgun nemenda og starfsmanna verður næsta vetur.

2. Matsskýrsla 2023-2024

Í matsskýrslu Stekkjaskóla vegna skólaársins 2023-24 er m.a. helstu niðurstöður úr könnunum skólaársins kynntar sem og umbótaáætlun sem unnið er eftir á þessu skólaári. Einnig er almenn umfjöllun um mat á skólastarfi. Umræður um skýrsluna og hún samþykkt.

3. Skólapúlsinn nemendakönnun - niðurstöður

Helstu niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins frá því í október kynntar. Næsta könnun fer fram í apríl og verður kynnt skólasamfélaginu í maí. Í maí verður jafnframt kaffihúsafundur um innra mat skólans og unnin drög að umbótaáætlun vegna þessa skólaárs.

Símanotkun var rædd, kostir og gallar og hvaða leiðir væri hægt að fara til að hlusta á tónlist og annað. Flestar niðurstöður benda til þess að betra sé að takmarka símanotkun í skólanum. Hilmar stefnir á að fara inn í bekkir fljótlega til að sýna niðurstöður.

4. Moodup starfsmannakönnun - niðurstöður

Tvær Moodup starfsmannakannanir hafa verið lagðar fyrir á þessu skólaári.

Niðurstöður úr septemberkönnun kynntar.

5. Önnur mál: Nemendafulltrúum langar að athuga hvort hægt sé að búa til Stekkjaskóla - hettupeysur, sem hægt væri að selja sem fjáröflun. Nemendaráð hefur eitthvað verið að spá í að búa til hettupeysur. Ræða við þá kennara sem koma að nemendafélaginu og koma málinu í farveg.

Næsti fundur: mánudaginn 3. mars kl 8:20

Fundi slitið kl 9:50

MÓÓ/HB